

Fundargerð 283. stjórnarfundar Stjórnvísí

Dags.fundar: 7.maí 2019	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 283
Fundarboðari: ÞMÓ	Fundarritari: GA	Staður: Laxatunga 3, 270 Mosf.

Dagskrá:

- Aðalfundur 8.maí 2019.
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Önnur mál

Viðstaddir: Jón Gunnar Borgþórsson, Gunnhildur Arnardóttir, Gyða Björnsdóttir, Þórunn María Óðinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Jón S. Þórðarson, Berglind Björk Hreinsdóttir, Sigríður Harðardóttir

Fjarverandi: Kristján Geir Gunnarsson

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Aðalfundur Stjórnvísí 2019.** Aðalfundur Stjórnvísí verður haldinn á morgun í hádeginu 8.maí nk. á Nauthól og verður boðið upp á fisk dagsins í hádeginu. Einnig er hægt að velja kjúklingasalat eða annað salat.
 - Fundarstjóri verður Jón Gunnar Borgþórsson
 - Ritari verður Sigríður Harðardóttir
 - Lagabreytingar (lögð verður fram lagabreyting varðandi að allir í stjórn verði í aðalstjórn félagsins. Í dag eru 7 í aðalstjórn og 2 í varastjórn. Lögð er fram tillaga um að allir stjórnarmenn verði í aðalstjórn og kosnir til 2ja ára í senn).
 - Framboð: Eitt framboð hefur borist í embætti formanns fyrir starfsárið 2019-2020:
 - **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**, vörustjóri dagsferða hjá Kynniferðum. Aðalheiður hefur settið í stjórn Stjórnvísí sl. tvö ár og veitti hún faghópi um þjónustu-og markaðsstjórnun formennsku til fjölda ára.
 - Aðalstjórn: Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir aðilar kosnir til tveggja ára í aðalstjórn Stjórnvísí:
 - **Berglind Björk Hreinsdóttir**, mannauðsstjóri Hrafnistuheimilanna.
 - **Guðjón Örn Helgason**, sérfræðingur í mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg.
 - **Kristján Geir Gunnarsson**, forstjóri Kassagerðarinnar.
 - Önnur framboð í aðalstjórn og varastjórn (í stafrófsröð) sem kosið verður um á aðalfundi eru:
 - **Ásdís Erla Jónsdóttir**, forstöðumaður Opna háskólans í HR (2019-2020)
 - **Guðný Halla Hauksdóttir**, forstöðumaður þjónustuers-og innheimtu Orkuveitu Reykjavíkur (2019-2021)
 - **Ingi Björn Sigurðsson**, verkefnastjóri Icelandic Startups (2019-2021)
 - **Jón Gunnar Borgþórsson**, vottaður stjórnendaráðgjafi CMC – Certified Management Consultant (2019-2021)
 - **Sigríður Harðardóttir**, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs hjá Strætó (2019-2020)

- Kosið verður í fagráð félagsins. Eftirtaldir bjóða sig fram í fagráð félagsins:
Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar (2018-2020)
Einar Snorri Einarsson framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Landsnets (2019-2021)
Jóhanna Þ. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Innnes (2018-2020)
Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs (2018-2020)
Nótt Thorberg, forstöðumaður loyalty hjá Icelandair (2019-2021)
 - Kosnir voru á aðalfundi tveir skoðunarmenn til 2ja ára 2018-2020
Oddný Assa Jóhannesdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2018-2020)
Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs KPMG (2018-2020)
- Dagskrá aðalfundar
Venjuleg aðalfundarstörf:
 - Kjör fundarstjóra og ritara.
 - Skýrsla formanns.
 - Skýrsla framkvæmdastjóra.
 - Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
 - Breytingar á lögum félagsins.
 - Kjör formanns.
 - Kjör þriggja stjórnarmanna til næstu tveggja ára.
 - Kjör tveggja varamanna í stjórn til næstu tveggja ára.
 - Kjör fagráðs.
 - Kjör skoðunarmanna reikninga.
 - Önnur mál.
- **Trello:** Farið var yfir stöðu verkefna og helstu áhersluverkefni stjórnar
 - Áhersluverkefni stjórnar voru yfirfarin. Farið var yfir hvert og eitt áhersluverkefni hjá stjórn og flutt lokaskýrsla. Næsta stjórn getur í framhaldi skoðað verkefni og séð hvernig til tókst.
 - **Fréttir af faghópum.** Í apríl voru haldnir fjöldi funda og fjöldi funda er bókaður í maí og tveir í júní. Flestir faghópar eru búnir að boða aðalfund og eru 7 aðalfundir faghópa bókaðir í maí. Lögð hefur verið mikil áhersla á að stjórnir séu kjörnar fyrir aðalfund því nú í fyrsta skipti verður fundur í maí þar sem lögð verður áhersla á þjálfun nýrra stjórnarmanna. Hugmynd að þessum fundi kom frá stjórnarmanni í einum faghópnum á Kick off fundi í haust. Stjórn tekur öllum umbótahugmyndum fagnandi og því var settur á fundur fyrir nýja í stjórnnum faghópanna 15.maí nk.
 - **Fjárhagsstaða Stjórnvísi.**
Ársreikningur hefur verið samþykktur af skoðunarmönnum og undirritaður af endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum hjá KPMG. Stjórn undirritaði ársreikninginn fyrir síðasta fund. Staða fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins var send stjórn fyrir fundinn og er staðan í takt við áætlun. Nær öll árgjöld hafa verið innheimt og stefnt er að 500 þúsund króna hagnaði til að eiga örlítið eigið fé.
- Önnur mál.** Önnur mál rædd lítillga
- Stofnun nýs faghóps um málefni erlendra starfsmanna var í mánuðinum og komum færri að í stjórn en buðu sig fram. Formaður nýja faghópsins er Irina S. Ogurtsova sem starfar hjá Reykjavíkurborg.
 - Stofnun nýs faghóps um rafræna fræðslu. Alls buðu 40 aðilar sig fram í stjórn faghópsins og úr varð 14 manna stjórn. Formaður faghópsins er Steinunn Ketilsdóttir hjá Intellecta.